

GREINARGERÐ VEGNA
FRAMLEIÐSLUAUKNINGAR HJÁ
N-LAX Á LAXAMÝRI

Efnisyfirlit

Framkvæmdin.....	2
Skipulag	3
Framleiðslan	3
Lýsing á stöðinni	3
Áhrif	4
Lífríki Laxár.....	5
Viðbrögð	6
Eftirlit.....	6
Sleppingar úr stöðinni	6
Samantekt	7

Framkvæmdin

N-lax ehf kt. 551009-1220 rekur eldisstöðina á Laxamýri. Eldisstöðin er með þeim elstu á landinu en hún tók til starfa árið 1971 á núverandi stað. Megin tilgangur starfseminar er að framleiða seiði til fiskræktar í ám og vötnum á norður og austurlandi. Í gegnum tíðina hefur stöðin einnig framleitt seiði fyrir eldisstöðvar eins og Rifós í Kelduhverfi og Silfurstjörnuna í Öxarfirði.

Ekki er lengur möguleiki á að framleiða fyrir slíkar stöðvar vegna hættu á að sýkingar berist frá villtum fiski yfir í eldisfisk. Þá liggur það einnig fyrir að tilgangur stöðvarinnar er að rækta upp stofna villtra laxa og framleiðsla til sjókváeldis gengur gegn því markmiði félagsins. Markaður fyrir villt seiði er hinsvegar breytilegur milli ára og frekar að dragast saman. Kemur þar eflaust til að með meiri hófsemi í veiði telja menn síður þörf á að sleppa seiðum.

Til að nýta stöðina hyggst félagið auka eldi á bleikju og regnboga. Slíkt eldi krefst meiri þéttleika og mun meiri framleiðslu á hvern rúmmetra miðað við eldi á villtum seiðum. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar vegna þessarar framleiðsluaukningar einungis breyting á samsetningu framleiðslunar. Ekki er gert ráð fyrir að aukinni framleiðslu fylgi aukin notkun á vatni. Gert er ráð fyrir að aukin framleiðsla verði byggð á viðbættu súrefni í eldisvatn og hringdælingu á vatninu.



Mynd. 1 Yfirlitsmynd af staðsetningu stöðvarinnar

Skipulag

Samkvæmt aðalskipulagi Norðurlþings fyrir 2010-2030 kafla 23. frá 16.11.2010 er gert ráð fyrir áframhaldandi fiskeldisstarfsemi á lóðinni og mannvirkjum og starfsemi sem því tilheyrir. Starfsemin er því í aðalskipulagi Norðurlþings.

Laxá er vernduð samkvæmt lögum nr. 97 frá 2004 en verndarsvæðið nær 200 metra frá árbakkanum. Eldisstöðin er langt frá þeim mörkun. Lögin taka einnig til vatnasviðs árinna og rennur eldisvatnið í Laxá og hefur því framkvæmdin áhrif á verndarsvæðið.

Framleiðslan

Framleiðsla á villtum seiðum krefst mikils rýmis þar sem sjaldan er farið upp fyrir 15 kg þéttleika á rúmmetra og framleiðsla er lítil á hvern rúmmetra. Þá er þörf á mörgum aðskildum einingum en á stöðinni á Laxamýri eru 76 eldiseiningar. Vegna samdráttar í eldi seiða hyggst fyrirtækið auka eldi á regnbogasilungi og bleikju. Gera má ráð fyrir að allt að helmingur eldisrýmisins verði nýttur undir slíka framleiðslu. Eldi gera má ráð fyrir að í 700 rúmmetrum verði ásetningur að jafnaði 30 kg og framleiðsla um 35 tonn á ári. Verði frekar samdráttur í framleiðslu seiða gætu allt að 1000 rúmmetrar verið nýttir undir eldisfisk með allt að 50 tonna framleiðslu. Sótt er því um leyfi til að auka framleiðsluna í allt að 60 tonn.

Lýsing á stöðinni

Eldisstöðin á Laxamýri er samtals með 1460 rúmmetra eldisrými. Öll eldisrými eru lokuð og möguleikar á sleppingum úr eldiseiningum litlir. Kalt vatn fær stöðin úr sjálfrennandi lindum ofan við stöðina og heit vatn frá Hveravöllum. Þá er stöðin með Oxymat súrefnisframleiðslukerfi frá Raf. Afrennslið rennur í setþró og þaðan í gegnum 5 millimetra stálsigti sem kemur í veg fyrir leka á eldisfiski frá stöðinni. Þegar í stöðinni eru bleikju seiði eða regnbogaseiði sem geta sloppið í gegnum 5 mm sigti er sérstakar síur á afrennsli kerjanna. Afrennsli stöðvarinnar rennur í Laxá í Aðaldal rétt ofan Æðarfossa og því eðlilegt að gera miklar kröfur til þess að ekki sleppi fiskur úr stöðinni.



Mynd 2. Yfirlitsmynd af eldisstöðinni á Laxamýri

Kalt vatn fær stöðin úr köldum lindum ofan við stöðina samtals 70 lítrar á sekúndu. Þá er einnig tekið vatn úr læk neðan við stöðina allt að 30 lítra af sekúndu en uppruni þess vatns er úr framræsluskurðum norðan við bæinn. Ekki er gert ráð fyrir að aukinni framleiðslu fylgi aukin vatnsöflun eða notkun á vatni. Gert er ráð fyrir að aukin framleiðsla verði byggð á viðbættu súrefni í eldisvatn og hringdælingu á vatninu.

Áhrif

Megin áhrif af framkvæmdinni mun verða aukin úrgangur frá fiski í stöðinni en aukning um 60 tonn mun auka fóðrun um 50-56 tonn miðað við fóðurstuðul upp á 1,2-1,3. Afrennsli stöðvarinnar fer í gegnum settjörn sem er staðsett neðan við stöðina. Þá rennur afrennslið um 1.2 km leið með í mýrlendi þar sem viðstöðutíminn er um 3-5 tímar.

Misjafnt er eftir fóðurnýtingu, tegund framleiðslu hver lífræn úrgangur er en hann gæti legið á bilinu 15-30% af framleiddu magni eða allt að 18 tonn. N-lax hefur fengið afnot að nýrri haugsugu af gerðinni Belemac og er ætlunina að dæla reglulega upp úr tjörninni og nýta úrganginn til uppgræðslu í uppgræðslu landi vestan Laxár. Ætlunin er með þessu að minnka það magn sem berst í Laxá frá stöðinni og verða dælingar í takti við uppsöfnun saurs. Gert er ráð fyrir að losun úr tjörninni muni minnka magn um 6 tonn.



Mynd. 3 Yfirlitsmynd af settjörn

Afrennslið rennur um 1,2 kílómetra frá stöðinni í gegnum mýrlendi niður af bænum. Afrennslið rennur í Laxá í Aðaldal skammt ofan Æðarfossa. Samkvæmt mælingum Sigurðar Rist er rennsli Laxár 53 rúmmetrar á sekúndu við brúna við Laxamýri. Laxá sameinast þar Mýrarkvísl sem hefur rennsli upp á 5 rúmmetra á sekúndu. Samtals er því rennsli Laxár þar sem afrennslið rennur í Laxá 58 rúmmetrar á sekúndu eða 58.000 lítrar á sekúndu og rennslið frá stöðinni er 100 lítra á sekúndu.

Fjarlægð til sjávar frá þeim stað er afrennslið rennur í Laxá er 2,6 kílómetrar og rennslis hraði Laxár neðan Brúa er talinn 0,6 metrar á sekúndu. Tekur það því um klukkustund fyrir afrennsli frá stöðinni að berast til sjávar. Ólíklegt er að styrkur næringaefna hafi því veruleg áhrif á ána en frekar eðlilegt að horfa til lífrænar mengunar frá stöðinni.

Lífríki Laxár

Lífríki Laxár í Aðaldal markast af því að Mýrvatn er óhemju frjósamt vatn. Mikið lífrænt rek berst því niður ána og heldur uppi mjög fjölskrúðugu dýralífi. Efst í ánni er bitmý ráðandi smádýr en þegar neðar dregur eykst hlutfall rykmýs á kostnað bitmýsins.

Skipta má því svæði sem afrennslið rennur um í þrennt; Mýrrvatn, Æðarfossar og ósasvæði. Afrennslið rennur í Mýrrvatn sem rennur eftir litlum halla eftir sendnum eða leirkenndum botni og eru ríkjandi tegundir fiska eru urriði og bleikja. Æðarfossarnir eru hinsvegar grýttir

og straumharðir og þar er ríkjandi tegund fiska lax. Æðarfossar eru ákaflega gjöfullt veiðisvæði. Neðan Æðarfossa rennur áin á sendnum botni þar sem gætir flóðs og fjöru. Ríkjandi tegund fiska er sjóbirtingur. Rykmý er ráðandi tegund í neðri hluta Laxár. Æðarvarp er í Mýrarvatni og fjöldi anda verpir þar einnig, straumendur eru ráðandi við Æðarfossana og mávar við ósa Laxár.

Viðbrögð

Til að minnka það magn lífrænar mengunar sem berst í ána er ætlunin er að fjölga dælingum úr settjörninn og nýta úrganginn til landgræðslu. Vestan Laxá er Landgræðslan með afgirt stórt svæði þar sem reynt er að stoppa sandfok sem sótt hefur á birkiskóginn. N-lax hefur samið við Laxamýrabú um afnot af Belmac haugsugu til að dæla úrgangi úr settjörninni. Mun tíðni losanna markast af magni úrgangs í settjörninni. Gangi vel að nýta úrganginn til landgræðslu er er komin góð leið til að afsetja hann.

Eftirlit

Samið hefur verið rannsóknarfyrirtækið Sýni ehf um að greina reglubundð efnainnihald frárennslis frá stöðinni. Er gert ráð fyrir að taka sýni árlega á ári og greina fosfór, nitur, svifagnir(TSS) og COD.

Sleppingar úr stöðinni

Einn meginn áhættuþátturinn í rekstri stöðvarinnar eru mögulegar sleppingar eldisfisks í Laxá. Öll ker stöðvarinnar eru lokuð og möguleikar á sleppingum úr eldiseiningum litlir. Afrennslis stöðvarinnar hefur farið í gegnum 5 mm stálsigti í fjöldamörg ár. Sigtíð er staðsett neðan við settjörn sem afrennslis rennur í gegnum. Sigtinu hefur nú verið lokað með kassa sem kemur algjörlega í veg fyrir sleppingar úr stöðinni(myndir 4.). Reglulegt eftirlit er með sigtinu og skráð ef fiskur sést í því.

Ef mikið af eldisfiski slyppi úr kerri myndi sigtið koma í veg fyrir að að fiskurinn færi út. Gott pláss er svo í settjörninni þar sem auðvelt væri fyrir fiskinn að hafast við og hægt væri að veiða hann aftur. Stöðin hefur verið rekin á Laxamýri í 46 ár og aldrei hefur orðið meiriháttar slysaslepping úr henni.



Mynd 4. Myndir af sigti

Samantekt

Fyrirhugað er að auka eldi í stöðinni um allt að 40 tonn. Engar framkvæmdir eru fyrirhugaðar aðrar en þær að bregðast við minni framleiðslu villtra seiða með aukinni framleiðslu bleikju og urriða. Framkvæmdin rúmast innan núverandi skipulags. Aukning framleiðslu í allt að 60 tonn mun hafa þau áhrif að úrgangur eykst frá stöðinni. Viðbrögð við því verða þau að losa úrgang úr settjörn og fylgjast með efnaástandi afrennslis.